



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/356*  
*komudagur 2.12.2004*

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi umhverfisnefnd  
b.t. Hlínar L. Sigfúsdóttur  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 1. desember 2004

0411115SA PS/sp  
Tilv.:384

**Efni: Frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir**

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis, dags. 16. nóvember 2004, þar óskað er umsagnar um frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, 192. mál.

Meðfylgjandi er umsögn sambandsins um frumvarpið.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir



## Umsögn

Málsnr.: 0411115SA

Dags.: 2. desember 2004

### Sambands íslenskra sveitarfélaga

Tilv.: 384

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum (hollustuháttaráð), sbr. 192. mál 131. löggjafarþings**

Með bréfi, dags. 16. nóvember sl., barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Samkvæmt 17. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, skipar ráðherra svonefnt hollustuháttaráð til fjögurra ára í senn. Ráðið er skipað níu fulltrúum, þar á meðal fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hlutverk ráðsins er að fjalla um þá þætti sem falla undir lögin og varða atvinnustarfsemi, svo sem samhæfingu krafna og eftirlits.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hollustuháttaráð verði aflagt en þess í stað skipi ráðherra *sérstaka samráðsnefnd* sem gegni sambærilegu hlutverki en geti að auki haft frumkvæði að því að taka upp mál til umfjölunar. Skal formaður skipaður af ráðherra, einn fulltrúi af Samtökum atvinnulífsins og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Samband íslenskra sveitarfélaga telur breytingu þessa horfa til úrbóta og einföldunar á samráði sem rétt er að fram fari á þessu sviði milli þeirra sem fara með stjórnsluna, þ.e. sveitarfélaganna og ráðuneytisins, og atvinnulífsins. Er því mælt með samþykkt frumvarpsins á Alþingi.

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri